

Nd.

520. Frumvarp til laga

[241. mál]

um breytingu á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi nýr kafli er verði IV. kafli: **Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.**

Núverandi IV. kafli laganna verði V. kafli, V. kafli verði VI. kafli o. s. frv.

25. gr. laganna verður 29. gr., 26. gr. verður 30. gr. o. s. frv.

2. gr.

25. gr. hljóði svo (ný grein):

Ríkissjóður styrkir ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héraðum landsins sem til þess hafa æskileg skilyrði, enda verði slík ræktun þáttur í búskap bænda eða jarðareigenda eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla.

3. gr.

26. gr. hljóði svo (ný grein):

Styrkur samkvæmt 25. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við ræktunina.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að skógræktarstjóri hafi staðfest skógræktaráætlun fyrir héraðið, að fenginni umsögn viðkomandi búnaðarsambands. Áætlanir skulu byggðar á könnun á skógræktarskilyrðum héraðsins og landi þeirra jarða er til greina koma.
- b) Að fyrir liggji samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda, og landeiganda ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar, meðferð landsins og forkaupsrétt Skógræktar ríkisins næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

4. gr.

27. gr. hljóði svo (ný grein):

Girðingar um nytjaskóga skulu gerðar samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga þessara.

Vanefni viðsemjandi Skógræktar ríkisins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 26. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað samningsaðila.

5. gr.

28. gr. hljóði svo (ný grein):

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til héraðsskógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé sem veitt er hverju sinni milli héraða samkvæmt staðfestum áætlunum.

Nefnd þriggja manna, skipuð fulltrúum viðkomandi búnaðarsambands, skógræktarfélags og Skógræktar ríkisins, annast framkvæmd héraðsskógræktaráætlunar.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur með skógrækt á Íslandi er tvíþættur. Skógar eru ræktaðir til að prýða og bæta landið, en skógar eru einnig ræktaðir til nytja, framleiðslu borðviðar, girðingarstaura, jólatrjáa og skrautgreina. Skógarafurðir eru einnig nýttar sem eldiviður og gæti sá þáttur haft vaxandi þýðingu í framtíðinni. Auk þessa hefur skógrækt margþættan tilgang annan sem má færa undir óbeinar nytjar. Skógar skapa skjól, vernda og bæta jarðveg, vernda annan gróður og auka fjölbreytni hans. Skógrækt eykur þannig notagildi landsins á margvíslegan hátt, m. a. eru skóglendi víða mjög eftirsótt til útivistar.

Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal bænda og forvígismanna skógræktarmála að hafist verði handa um enn frekari skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga eða héraðsskógræktaráætlana. Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjód fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer ekki að skila arði fyrr en eftir 25 til 30 ár og er því talið nauðsynlegt og eðlilegt að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frumvarp flutt.

Hugmyndina um sérstakar áætlanir um bændaskóga eða héraðsskógræktaráætlanir má rekja til Fljótsdalsáætlunar sem hrundið var í framkvæmd fyrir 13 árum.

Aðdragandi að Fljótsdalsáætlun var sá að á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1961 var því hreyft að gera þyrfti bændum kleift að stunda skógrækt á jörðum sínum þar sem skilyrði væru til þess. Skógræktarfélag Íslands vann síðan að málinu og hafði stjórn þess samvinnu um það við Skógræktarfélag Austurlands og skógarvörðinn á Hallormsstað, með það í huga að byrjað yrði á Austurlandi þar sem skógrækt hafði sýnt hvað bestan árangur. Þessir aðilar unnu að undirbúningi Fljótsdalsáætlunar.

Fjárveiting til Fljótsdalsáætlunar fékkst fyrst 1969. Byrjað var að girða það ár og að planta 1970. Síðar var bætt við nokkrum girðingum og eru nú 11 jarðir með í Fljótsdalsáætlun og girt land samkvæmt henni er um 370 ha. Í sum helstu svæðin er nú plöntun langt komin og hefur nær eingöngu verið notað lerki sem er tiltölulega hraðvaxin trjátegund.

Árangur þykir hafa orðið mjög góður af skógræktinni í Fljótsdal og hefur það stórukið áhuga bænda þar og á Fljótsdalshéraði fyrir skógrækt til viðurframléiðslu. Lerkið hefur vaxið þar með þeim ágætum að senn er tímabært að grisja það og falla þá til girðingarstaurar en nokkru lengur þarf að bíða þess að annar nytjaviður fái, svo sem borðviður.

Málið hefur vakið áhuga í öðrum landshlutum og margar samþykktir hafa verið gerðar af skógræktarfélögum og samtökum bænda þess efnis að gerðar verði fleiri héraðsskógræktaráætlanir og verulegur stuðningur veittur til þeirra af almannafé.

Með landgræðsluáætlun 1981—85 sem samþykkt var á síðasta Alþingi var veitt nokkru fé til skógræktaráætlana og hefur það verið notað til undirbúningsstarfs og til að vinna að gerð skógræktaráætlunar í Eyjafirði og í Árnassýslu. Fjárveiting þessi er ekki meiri en svo að nægja mætti til undirbúnings áætlana næstu árin. Í Eyjafirði hefur skógræktarfélagið í samvinnu við búnaðarsambandið unnið að könnun á vexti trjáa í skógarreitum víðs vegar um héraðið. Þar var einnig leitað til bænda og kannað hverjir hefðu áhuga á að taka þátt í skógrækt og hve mikið land þeir væru reiðubúnir til að leggja undir skógrækt. Reyndust þar 40 bændur vera reiðubúnir að hefja skógrækt og leggja til þess um 900 ha. Á Suðurlandi hefur Skógræktarfélag Árneseinga unnið að svipuðum undirbúningi í samvinnu við búnaðarsambandið og hefur þegar verið haft samband við bændur er hafa til þess aðstæður og eru reiðubúnir að hefja skógrækt. Suður-Þingeyingar eru einnig komnir af stað með könnun meðal bænda og á næsta sumri er fyrirhugað að kanna þar árangur skógræktar og meta land sem til greina kemur. Hreyfing er einnig á þessum málum á fleiri svæðum sem til greina koma, t. d. Borgarfirði.

Hliðstæðar skógræktaráætlanir og hér um ræðir hafa verið gerðar í ýmsum öðrum löndum. Nærtækast er að vitna til skógræktar í vestur- og norðurhéraðum Noregs þar sem skógar voru orðnir litlir eða nær engir. Þekkt er svonefnd Örstaáætlun í Vestur-Noregi um 1950 sem ruddi brautina þar í landi. Í Noregi er veitt ríkisframlag til skógræktar, mismunandi eftir landshlutum og héruðum, frá 45—50% í skógarfylkjum og upp í 75% í ýmsum fjarða- og fjallabyggðum og í Norður-Noregi. Auk þess greiða sveitarfélög framlag þannig að samanlögð framlög nema 90% af kostnaði við ræktunina. Til slíks kostnaðar telst m. a. hreinsun af kjarrlendi og annar undirbúningur landsins, plöntur og gróðursetning, girðingar um ný svæði, framræsla á raklendi í skógum og mýrum og í vissum tilfellum áburður á landið. Þá er einnig tekin með umhirða eftir gróðursetningu, svo sem hreinsun á teinungi og eyðing illgresis og endurgróðursetning, þegar fylla þarf í skörð sem myndast, svo og hreinsun á skurðum. Þessi umhirða er styrkt á vissum svæðum þar til skógurinn fer að gefa gagnvið.

Í Norður-Svíþjóð eru á svipaðan hátt veitt framlög til skógræktar sem nema allt að 90% kostnaðar. Hliðstæð framlög munu vera greidd í Skotlandi, Austurríki og víðar.

Ljóst er að þær kynslóðir sem ríða á vaðið og leggja grunn að skógum fyrir framtíðina „alheimta ei daglaun að kvöldum“. Þrátt fyrir þetta er mikill áhugi á því að hafist verði handa í stærrri stíl en áður. Virðist því ekki ástæða til að bíða lengur þegar möguleikarnir blasa við.

Á það hefur einnig verið bent að þegar svo háttar að við höfum þurft að draga úr kvikfjárrækt gerist þörfin enn brýnni fyrir ný verkefni í sveitum. Af sömu ástæðum þykir eðlilegra nú en áður að taka hluta af beitilandi jarða til annarra nota og liggur þá friðun til skógræktar beinast við þar sem hennar er kostur. Frjósemi lands sem nú yrði friðað mundi á allan hátt aukast og um leið verðgildi þess. Í því fælist varanleg endurheimt tapaðra gæða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Hér kemur fram tilgangur þessa frumvarps, sem er að ríkissjóður hvetji til og styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum. Forsenda fyrir slíkum stuðningi er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi bújörð. Í öðrum greinum frv. koma fram ýmis skilyrði, sem uppfylla þarf áður en styrkur verður veittur.

Um 3. gr.

Styrkur ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum getur í hverju tilviki mest orðið 80% af stofnkostnaði við ræktunina en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Skógrækt ríkisins ákvarðar hverju sinni og semur um hvað skuli teljast til stofnkostnaðar í þessu sambandi, en meginþættir stofnkostnaðar eru vinna, girðingarefni og plöntur.

Gert er ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir hafa frekast tók á. Fagmenn á vegum Skógræktar ríkisins eða skógræktarféлага annist verkstjórn við girðingar, segi fyrir um plöntuval, plöntun og hirðingu. Ræktun nytjaskóga yrði því verulegur atvinnugjafi í sveitunum, en að svo miklu leyti sem bændur ynnu störfín ekki sjálfir, yrði það kjörin sumarvinna ungs fólks.

Eftir að skógræktarlandið hefur verið girt og í það plantað, verða bændur að sinna og bera kostnað af viðhaldi, hirðingu og umsjón með nytjaskógum, eins og nánar á að semja um í samningi þeirra og Skógræktar ríkisins skv. b.-lið 2. mgr. þessarar greinar. Vanefni þeir skyldur sínar skv. þessum samningi m. a. um framangreind atriði, er Skógræktinni heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað samningsaðila.

Vilji leiguliði rækta nytjaskóg á ábúðarjörð sinni, þarf landeigandi að samþykkja samninginn skv. b.-lið 2. mgr. þessarar greinar. Við ábúðarlok leiguliða á jörð fer um framlög hans til skógræktarinnar eins og um aðrar umbætur í hans eigu á jörðinni skv. ábúðarlögum, nú 16. gr. 1. 64/1976. Framlög ríkissjóðs skulu fylgja jörðinni.

Í samningi um forkaupsrétt Skógræktar ríkisins þarf að tryggja að kaupverðið verði ekki hærra en sem nemur kaupverði landsins að viðbættum framlögum landeiganda til skógræktarinnar.

Um 4. gr.

Í 16. gr. 1. 3/1955 um skógrækt eru ítarleg ákvæði um gerð skógræktargirðinga.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.